



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 1. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudag, 26.05.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) fundarritari
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

Boðuð forföll:

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., stjórn skiptir með sér verkum, sumarið og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Stjórn skiptir með sér verkum:

Sitjandi stjórnarmenn verða í embættum sínum áfram, ÓPV lýsti yfir áhuga á gjaldkeraembættinu og LHM sagðist mundi taka að sér fundarritaraembættið.

3. Sumarið:

Mótadagskrá: ÞI tjáði fundarmönnum að Sigurbjörn væri búinn að raða niður 1. deild karla, en þó búið væri að senda út þátttökutilkynningar til félaganna til staðfestingar, væru skil á nýjum liðum ekki fyrr en 31. júlí. Gott væri þó ef félögin skiluðu inn nýjum liðum um leið og þau væru komin á hreint.

Fundur: Ákveðið var að festa ekki fundaáætlun fyrir sumarið, heldur kalla saman stjórnarfundi ef taka þyfti einhver mál til umfjöllunar.

Keppnisskírteini: Skírteinin eru komin og ÞMÞ kom með þau á fundinn. ÞI tók fyrir KFR og önnur félög, og athuga hvort hin félögin væru ekki búin að greiða keppnisgjaldið áður en skírteinin yrðu afhent.

Annað: ÞI minnti á að hann og ÞMÞ mundu sækja fund norrænu keilusambandanna og þing Evrópusambandsins í Þýskalandi í júní.

4. Önnur mál:

Þinggerð: Ragna er búin að senda þinggerðina og mun ÞI senda hana á stjórn til skoðunar og athugasemda. Að því loknu verður hún birt á heimasíðunni ásamt ársskýrslunni.

Erindi landsliðsnefndar: Tekið var fyrir erindi landsliðsnefndar vegna íþróttافرæðings og að fá Hafþór Harðarson til að halda fyrirlestur um olíulestur og að fara yfir kúlur landsliðanna.

Stjórn samþykkti að veita pening í íþróttافرæðinginn en hann kemur af fjármunum þeim sem landliðsnefnd hefur til ráðstöfunnar. Stjórn taldi ekki fært að borga Hafþóri, en LHM sagði að allnokkrar í kvennhópnum hefðu áhuga á þessu og í framhaldi af því kom tillaga að þær nýttu hluta ágóðans af árshátíðinni til að greiða Hafþóri. ÞI mun senda svar stjórnar til landsliðsnefndar. Í framhaldi af þessari umræðu verður einnig bætt við að landsliðsnefnd þurfi að fara að koma með fjárhagsáætlun fyrir undirbúning og verkefni næsta árs.

Smáþjóðaleikar: ÞI tilkynnti fundinum að umsókn um að keila yrði ein af íþróttagreininum á Smáþjóðaleikunum 2015 hefði ekki hlotið hjómgrunn hjá framkvæmdastjórn ÍSí.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Olympíudagurinn: Þí kynnti erindi frá ÍSÍ um Olympíudaginn sem haldinn verður 23. júní n.k. ÞMP kom með tillögu að keiluteppið sem ÍR á verði notað til kynningar á keilunni.

Fundarmönnum leist vel á þessa hugmynd, en GJK verður með teppið á kynningu á Grafarvogsdeginum n.k. laugardag og verður ákveðið í framhaldi af þeirri reynslu hvort og þá hvernig verður staðið að þessi fyrir hönd KLÍ.

Nefndir KLÍ: ÞMP lagði til að ýta yrði á félögin til að tilnefna einstaklinga í nefndir KLÍ.

Umræða fór fram um það og var stjórn sammála ÞMP. Nefndarstörf í sumar væru t.d. mótadagskrá KLÍ sem á að vera tilbúin 15. ágúst, fyrir unglínganefnd væri tillaga sem vísað var til hennar frá formannafundinum og einnig skipulagning á unglíngamótum vetrarins, landsliðsnefnd þyrfti að klára áætlun um undirbúning næstu verkefna og undirbúning utandeildarinnar og manna þyrfti tækninefnd fyrr en seinna.

Keilari ársins: Athugasemdir frá Soffíu Guðmundsdóttur voru kynntar. ÞMP benti fundinum á að ekkert lægi á að breyta eða uppfæra, þó sumar athugasemdirnar væru góðra gjalda verðar, þar sem þetta hafi verið tilraunaverkefni og enginn í stjórn hafi haldið að það yrði fullkomið frá byrjun. Þær breytingar sem gerðar hefðu verið gætu verið nóg en skoða mætti með þau tvö mót sem eftir væru á árinu.

Reglugerðir KLÍ: Þí sagði að sú regla sem vísað var til stjórnar frá þingi KLÍ yrði tekin til umfjöllunar á næsta fundi og síðan væri hægt að birta uppfærðar reglugerðir á netinu.

Spurning væri með almennar keppnisreglur, en búið væri að kæra til dómstóls ÍSÍ vegna kúlna í úrslitakeppninni og spurning hvort bíða þurfi eftir úrskurðinum með að gefa úr reglurnar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur verður haldinn fyrir 7. júní.